

Kæru útskriftarnemar, skólameistari, starfsmenn og aðrir gestir, gleðilega hátíð!

Það er mér heiður að standa hér aftur á þessu sviði, við þetta púlt, tíu árum síðar. Þó þykir mér ótrúlegt að tíu ár séu liðin síðan ég útskrifaðist héðan. Þegar ég var beðin um að vera með þessa ræðu sem fulltrúi tíu ára stúdenta þá spruttu minningar um árin tvö í FSN fram. Ég átti ótrúlega skemmtilegan tíma hér, þroskandi tíma. Ég átti góða vini, tók virkan þátt í félagslífinu, átti oftast góð samskipti við starfsmenn og gekk afbragðsvel í náminu. Það var líka skemmtilegt að upplifa hvernig blöndunin milli sveitarfélaganna jókst á milli ára. Fyrsta árið voru nemendur hvers bæjarfélags mest út af fyrir sig, en seinna árið var blöndunin orðin mun meiri. Og það er gaman í dag að sjá að samstarf er komið á allt niður í yngstu bekki grunnskóla þegar kemur að fótboltaástandun og fleira.

Námið í FSN undirbjó mig vel fyrir frekara nám, sjálfstæð vinnubrögð og hópavinna eru þættir sem nýttust afar vel. Eitt af því minnisstæðara úr FSN voru samskipti milli nemendar og starfsmanna skólans. Samskiptin voru persónuleg, góð og oftast á jafningjagrundvelli. Það var hægt að fá aðstoð við allt, og skilningur var mikill. Ég tel að þetta hafi sett grunninn að aukinni samskiptafærni og virðingu fyrir samferðafólki.

Við útskriftina fyrir tíu árum síðan var ég með skýra stefnu, ég ætlaði að verða sálfræðingur og um haustið hóf ég nám í sálfræði við Háskóla Íslands. Námslega gekk önnin afar illa, námið hentaði ekki en samkvæmislífið gekk afar vel. Um áramótin tók ég ákvörðun um að sálfræðin væri ekki fyrir mig og stóð þá frammi fyrir því að planið mitt, sem hér um bil var meitlað í stein, hafði klikkað! Ég tók mér pásu í eina önn, vann í skóla í Hafnarfirði sem skólaliði og var fljót að komast að þeirri skoðun að ég yrði að finna nýjan menntaveg, ég ætlaði ekki að enda eins og nokkrir aðilar sem ég vann með þar, óánægðir í starfi og lífi,

metnaðurinn enginn. Ég ákvað þó að venda kvæði mínu í kross og leggja stund á nám á listnámsbraut við Iðnskólann í Hafnarfirði. Það var frábær vetur! Þar sótti ég áfanga í grunnteikningu, málmhönnun, tréhönnun, steinahönnun og plasthönnun, svo eitthvað sé nefnt. Ég naut mín í botn og eftir eina önn var ég staðráðin, ég ætlaði að verða arkitekt. Snemma árs 2008 hóf ég vinnu við umsókn um arkitektanám í Árósum í Danmörku. Umsóknarferlið var langt, fyrst umsóknarverkefni, síðan mögulega viðtal nokkrum mánuðum síðar og svo endanlegt svar í ágúst. En í febrúarmánuði bankaði ástin óvænt upp á og flutningur erlendis hætti að vera spennandi kostur. Ég hætti því snarlega við að sækja um nám í arkitektúr en ákvað í staðinn að sækja um nám í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands! Já, ég var mjög ákveðin í þessu öllu saman! En úr varð að haustið 2008 hóf ég nám í félagsráðgjöf. Ég fann mig strax þar ásamt því að kynnast fljótt frábærum samnemendum. Ég útskrifaðist með BA gráðu í félagsráðgjöf í júní 2012 þá komin með starf við hæfi en ég starfa sem ráðgjafi hjá Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga og hef búið hér í Grundarfirði síðan þá. Ekki hefði mig órað fyrir því fyrir tíu árum síðan að í Grundarfirði yrði framtíðarheimili mitt og fjölskyldunnar, enda Hólmari í húð og hár!

Hjá Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga sé ég um ýmis mál en stærsti hluti starfsins er þó móttaka og vinnsla barnaverndarmála en mál barna hafa verið mér hugleikin síðan ég hóf félagsráðgjafarnámið. Í haust stefni ég svo á frekara nám í tengslum við starf mitt.

Eftir því sem ég hef þroskast og elst finnst mér mikilvægara að stíga oftar út fyrir þægindahringinn og svolítið storka sjálfri mér. Því það stækkar heiminn að fræðast meira og kynnast ólíkum þáttum samfélagsins. Ég tók því að mér, eftir að ég flutti til Grundarfjarðar, að vera í stjórn Rauða krossdeildarinnar hér og síðan stökk ég til að tók þátt í sveitarstjórnarkostningum fyrir tveimur árum og sit nú í bæjarstjórn Grundarfjarðar og er formaður bæjarráðs. Einnig hefur mér alltaf fundist mikilvægt að vera sjálfstæð og hafa ríkan metnað fyrir lífinu. Ég treysti því ekki á aðra til þess að breyta mínu lífi heldur reyni ég að

gera það sjálf. Ég legg mig fram við að gera vel það sem ég tek mér fyrir hendur, því ég vil líta til baka þegar ég verð fimmtug, sjötug eða nýræð og vera sátt, sátt með mig, sátt með sígra mína og töp og sátt við lífið. Ég vil geta sagt ég gerði eins vel og ég gat og ég stóð mig vel.

Mitt ráð til ykkar; berið höfuðið hátt og verið gerendur í eigin lífi, ekki setja hamingju ykkar í hendur annarra, því eins og upphalds orðatiltækið mitt segir þá er hver sinnar gæfur smiður!

Takk fyrir mig og til hamingju með daginn! Bjarta framtíð!